



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimmun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimmunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangs röðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	11. nóvember 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Katrín Harpa Ásgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Stofnun starfshóps um málefni fanga
Þjónustupáttur:	Ráðgjafarþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	V-
Fjárhæð:	Kostnaður vegna starfshópsins rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að stofnaður verði starfshópur á velferðarsviði um málefni fanga sem hafi það hlutverk að kortleggja þjónustuúrræði fyrir einstaklinga í afplánun eða að ljúka afplánun m.t.t. möguleika á framfærslu, húsnæði, atvinnu, virkni og endurhæfingu og greina þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingur nái að aðlagast samfélaginu. Einnig skal starfshópurinn móta tillögur að félagslegri þjónustu við fanga og skýra verklag og leiðir milli þjónustu, sem annars vegar ríkið veitir fongum og hins vegar Reykjavíkurborg og hvernig haga megir samstarfinu á milli aðila. Hópurinn hafi samráð við hagsmunaaðila og notendur þjónustunnar. Markmið tillögunnar er að bæta þjónustu við fanga.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Mikill meirihluti fanga á Íslandi eru karlmenn. Tillagan á engu að síður jafnt við um öll kyn.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Fanga í og eftir afplánun.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Mikill meirihluti fanga á Íslandi eru karlmenn. Tillagan á engu að síður jafnt við um öll kyn. Fangar á Íslandi eru jaðarsettir og mikilvægt er að styðja þá að afplánun lokinni í von um að koma í veg fyrir að einstaklingarnir leiðist út í afbrot að nýju.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.